

Fundur Betadeildar þriðjudaginn 11.janúar 2011

Fundarstaður: Heima hjá undirritaðri að Skálagerði 4

Dagskrá:

1. Setning fundar og kveikt á kertum
 2. Fundargerð síðasta fundar lesin
 3. Kosning um nýliða
 4. Önnur mál
 5. Bókakynningar, konur segja frá bókum sem þær hafa lesið undanfarið
 6. Happraætti og kaffi.
-
1. Þorgerður setti fund og skilaði kveðju frá fjarverandi félgskonum.
 2. Þórunn kveikti á kertum og fór með tákn hvers þeirra.
 3. Jónína kynnti kosningu og samþykkt var að nota gömlu regluna við að bjóða konu þátttöku í félagsskapnum. Þarf hún að fá 4 af hverjum 5 greiddum atkvæðum á fundinum. Sú félagskona sem stingur upp á nýliða hefur svo samband við hana og býður henni þáttöku í deildinni okkar. Kosning fór fram, Sigrún og Jónína töldu atkvæðin. Niðurstaða kosninganna varð sú að 5 konum verður boðið að mæta á næsta fund sem verður í Giljaskóla mánudaginn 21. febrúar.
 4. Undir liðnum önnur mál:
 - a) Eygló ræddi um hugmynd sína um uppstillingarnefnd/útbreiðslunefnd. Í henni yrðu 2 konur sem hefðu það hlutverk að finna nýliða í deildina og sjá um það ferli sem nauðsynlegt er áður en konum er boðin aðild. Með þessu móti myndum við dreifa meira verkum með okkur. Konur tóku vel í þetta og var samþykkt að um leið og kosið væri í nýja stjórn yrði kosið í þessa nefnd.
 - b) Þorgerður sagði að við þyrftum að bjóða eina af okkur í landsambandsstjórn. Umræður um þátttöku í embætti í stjórnnum og upplýsingar þar um. M.a.6 ferðir suður á ári, þar sem landsambandsstjórnin greiðir farið. Skorað á konur sem ekki hafa verið í stjórn landsambandsins að taka þetta að sér.
 5. Bókakynningin fór þannig fram að hver kona kynnti bók eina eða fleiri og hafði til þess u.þ.b. 3 mínútur. Inn á milli fengum við okkur kaffi og með því í boði Halldóru og Rósu. Ákveðið var að taka 2 bækur fyrir á næsta bóka fundi og eru það eftirarandi titlar ” Morgnar í Jenin” eftir Susan Abulhawa og ”Ljósa” eftir Kristínu Steinsdóttur. Bókalisti fyrir hinar bækurnar verður í öðru skjali sem fer á tölvusíðuna okkar.
 6. Undirrituð hafði fengið síðast happraættisvinning og nú var dregið og fékk Margrét Jónsdóttir vinninginn að þessu sinni.
 7. Fundi slitið.

Ritari: Þórunn Bergsdóttir.